



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis,
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Akureyri 15. nóv. 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fórnalamba- og vitnavernd.

Jafnréttisstofa lýsir yfir ánægju sinni með ofangreinda tillögu. Nauðsynlegt er að tryggja réttarstöðu fórnalamba mansals. Rétt er að geta þess að í nýrri þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára koma m.a. fram eftirfarandi verkefni hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem varðar mansal og vernd vitna og þolenda afbrota:

“Mansal.

Ráðuneytið mun áfram leggja áherslu á aðgerðir til að koma í veg fyrir verslun með fólk, sem beinist einkum að konum og börnum.

Ráðuneytið mun í þessu skyni framkvæma, stuðla að, eða taka þátt í eftirfarandi:

- *Ráðstefna um mansal og aðgerðir gegn því.*
- *Alþjóðlegt samstarf um aðgerðir gegn mansali.*
- *Fullgilding Palermo-samningsins, samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn verslun með fólk, einkum konur og börn.*
- *Aðgerðaáætlun til að koma í veg fyrir mansal.”*


“Vernd vitna og þolenda afbrota.

Ráðuneytið mun áfram vinna að vitnavernd og bættri réttarstöðu þolenda afbrota. Hluti af því starfi snýr að vernd kvenna sem verða fyrir ofbeldi eða hótunum frá maka eða fyrrverandi maka.

Ráðuneytið mun í þessu skyni framkvæma, stuðla að eða taka þátt í eftirfarandi:

- *Norrænt samstarfi um vitnavernd.*
- *Nefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.”*

Virðingarfyllst


Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdastjóri